



**Reykjavíkurborg**  
Skóla- og frístundasvið



## **Kvistaborg**

**2020 – 2021**



### **Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:**

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans: Hugrekki- hlýja- hlustun - hvatning.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra.....	3
2 Innra mat Víðilundar .....	10
3 Innra mat Birkilundar .....	12
4 Innra mat Asparlundar .....	15
5 Innra mat Reynilundar .....	18
6 Ytra mat .....	21
7 Starfspróun og fræðsla .....	23
8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva .....	25
9 Foreldrasamvinna .....	25
10 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	26
11 Fylgigögn .....	27
11.1 Skóladagatal.....	27
11.2 Verkefni Kvistaborgar - ábyrgðarmenn.....	27
11.3 Fagstarf með börnum - ábyrgðarmenn .....	27
11.4 COVID19 gögn frá vori 2020 .....	27
11.5 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs.....	27



# Leiðarljós leikskólans: Hugrekki- hlýja- hlustun - hvatning

## 1 Greinargerð leikskólastjóra

Starfið síðasta vetur (2019-2020) gekk í heildina vel. Að venju var erfitt að ráða fólk til starfa um haustið og það veldur álagi í starfshópnum ásamt því að hafa áhrif á starfið. Endurmenntun starfsmanna á ríkan sess í Kvistaborg og sem fyrr stóðum við okkur vel í því. Eins og sjá má í kafla 7 þá var farið á þó nokkur námskeið. Ekki tókst að fara í fyrirhugaða námsferð til Kanada að vori vegna COVID19 og henni var því frestað fram á næsta ár. Unnið var vel í skjalavörslu og útbúin skjalaskrá.

Heildarbreyting var á barnahópnum þetta árið því ákveðið var að Kvistaborg skyldi stækka við sig úr þremur deildum yfir í fjórar deildir. Stækkunin gekk mjög vel fyrir sig og nýja deildin, Asparlundur, tók til starfa í lok ágúst. Notast var við salinn og gamla undirbúningsherbergið. Barnahópurinn á þeirri deild var mun minni en almennt gerist en alls voru börnin 12. Í heildina stækkaði barnahópurinn um 18,75% á milli ára, úr 64 í 76 börn. 27 börn útskrifuðust úr Kvistaborg um vorið 2020. Þá fóru þrjú börn í Ísaksskóla í lok sumars 2020 og munu því ekki klára leikskólagönguna í Kvistaborg.

Vorönnin byrjaði mjög vel en átti eftir að skilja eftir sig eftirminnilegar minningar. Í febrúar tók við verkfall og lögðu 15 starfsmenn Kvistaborgar niður störf í kjölfarið, 9 fastráðnir og 6 tímavinnustarfsmenn. Verkfallið hafði áhrif á starf allra deilda nema Asparlunda. Barnahópnum var skipt niður og passað var upp á að allir fengu jafnan tíma í skólanum. Haldin var sérstök dagbók þess efnis og hélt leikskólastjóri utan um það. Eftir verkfall, sem lauk í byrjun mars, tók við COVID19 og setti strik í reikninginn. Þann 16. mars var haldinn starfsmannafundur og farið var yfir stöðuna. Ákveðið var að skipta barna- og starfshópnum niður í tvennt og þann 17. mars var komið niðurnjörfað vaktaplan. Unnið var í þremur/tveir vöktum. Þetta var gert til að reyna að koma í veg fyrir að loka þyrfti leikskólanum ef smit kæmi upp. Þetta gekk eins og í sögu og þó svo að þetta tímabil væri vissulega erfitt þá sýndi þetta einnig hversu sterk samstaða er í starfsmanna- og foreldrahópnum. Allir lögðust á eitt til að fyrirbyggja smit og voru sóttþreinsunarreglur hertar til muna. Öll leikföng voru þrifuð daglega auk allra yfirborðsfleta. Leikskólastjóri hélt úti COVID19 möppu þar sem allir gátu leitað eftir nýjustu upplýsingum og fengið að vita hvað hefði breyst. Upplýsingagjöf gekk mjög vel og allir voru jákvæðir. Sóttvarnarhól og skipting starfsmannahópsins gerði það að verkum að starfsfólk hittist ekki sín á milli vikum/mánuðum saman. Við endum alla daga á starfsmannafundi úti í öllum veðrum. Þar sem staðan var tekin, hvað gekk vel og hvað gera mætti betur. Pepp dagsins og síðast en ekki síst hittust allir í það minnsta, sem voru að vinna þann daginn, og þeir voru gjarnan að sjást í fyrsta sinn, því allir héldu sér innan sinna sóttvarnahólfa innan húss. Þetta tímabil endaði 25. maí. Sjá má fylgiskjöl nr. 4 um COVID19.



Fagmenntun starfsmanna	Stöðugildi 2019-2020	Fjöldi starfsmanna 2020-2021	Stöðugildi 2020-2021	Fjöldi starfsmanna 2020-2021
Leikskólakennarar	4,3	6	3,8	5
Háskólamenntun á uppeldissviði	3,675	5	5,075	7
Önnur háskólamenntun	3,75	4	2,75	3
Starfsmenn	5,825	7	4,025	6
Sérkennsla / stuðningur			2,5	3
Matráður	1,50	2	1,5	2
	18,55	24	19,65	26

Fjöldi þeirra starfsmanna sem sinna tímavinnu eru 9, og það eru allt reyndir fyrrum Kvistborgar starfsmenn, sem stunda nám og vinna með skóla og við getum kallað inn þegar illa árar. Fyrir utan þetta fengum við til liðs við okkur í sumar, sumarliða sem var atvinnuáttak Reykjavíkurborgar, einnig fengum við nemendur úr vinnuskólanum og einn frá Vinnumálastofnun í gegnum verkefni frá Hinu húsinu.

#### Nýir starfsmenn 2019-2020:

- Aron Ingi Sveinsson
- Daníel Eggert Jóhannsson
- Erna Ísabella Bragadóttir
- Erna Agnes Sigurgeirsdóttir
- Tómas Ingi Jóhannsson
- Þóra Lilja Kristjánsdóttir
- Arnór Daði Aðalsteinsson

#### Starfsmenn sem hættu á árinu 2019-2020 voru:

- María Bjarnadóttir
- Ólöf Filippusdóttir
- Hrafnhildur Vala Friðriksdóttir
- Anke Steiniger
- Tómas Ingi Jóhannsson
- Arnór Daði Aðalsteinsson
- Erna Ísabella Bragadóttir

#### Sumarliðar 2020:

- Hrafnhildur Ýr Stefánsdóttir
- Sædis Birta Sigríðardóttir
- Elín Friðrika Hermannsdóttir

#### Vinnuskólinn 2020:

- Birgitta Ósk Magnúsdóttir
- Eygló Margrét Georgsdóttir
- Matthildur Mínerudóttir
- Oddný Sjöfn Ríkarðsdóttir
- Veronika A. Ásgeirsdóttir

### **Barnahópurinn:**

Barnahópurinn veturinn 2019- 2020 samanstóð af 76 börnum eftir fjölgun sem varð við stækkun skólans með skálanum. Deildir voru aldurshreinar og allir voru sammála um að það hentaði betur. Því verður lagt upp með á næsta starfsári að halda uppteknum hætti hvað það varðar.

Deildirnar 2019-2020 voru: Reynilundur með 28 börn, Birkilundur með 21, Asparlundur með 12 börn og Víðilundur með 18 börn.

Barnahópurinn 2020-2021, verða 74 börn sem dreifast á 4 deildir. 1. ágúst 2020 var börnum fækkað enn á ný, en Reykjavíkurborg hafði samþykkt að fækka börnum 7% þvert á alla skóla, 3% tók gildi 1. ágúst 2018 og 4% tók gildi nú í ár. Þar sem við erum á milli skólastærða og stækkunar skólans þá finnum við ekki eins fyrir þessari breytingu. Við hefðum átt að fara niður í 71 barn en vegna ytri aðstæðna verðum við með 74 börn.

- Víðilundur 17, 2 ára börn
- Birkilundur 21. 3 ára börn
- Asparlundur 22, 4 ára börn
- Reynilundur 14, 5 ára börn

### **Barnaheill:**

Vináttuverkefni Barnaheilla var áframhaldandi þetta starfsárið og allir nýir starfsmenn sækja námskeið. Í þessu samhengi er vert að minnast á að við notum verkfæri frá Vöndu Sigurgeirsdóttur kennara á menntavísindasviði, til að meta barnahópin og félagsleg samskipti og samþykki innan hans og einnig á milli kennara. Tekið er á einelti og unnið sérstaklega með þau börn sem koma slök út úr mati.

### **Lubbi finnur málbein:**

Lubbi er virkur á öllum deildum Kvistaborgar og kröfur þyngjast og eflast eftir stighækkandi aldri barna. Venjulega bjóðum við foreldrum upp á námskeið í Lubba en vegna COVID19 aðstæðna er ekki hægt að verða við því.



## LÁN:

Í áframhaldi af Biophilia verkefninu var Kvistaborg boðið að taka þátt í nýju verkefni að nafni Litrænt ákall til náttúrunnar. Þar gildir að nýta náttúruna og afurðir hennar í hverskyns sköpun ásamt því að fræða börnin um listir og náttúruvernd.

## LAL:

Leikur að læra „LAL“ Kvistaborg nýtti styrkinn frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til að innleiða Leikur að læra. Þar er lagt upp með að blanda saman hreyfingu og kennslu til að auðvelda börnum að læra og tengja við þeirra eðlislæga leik. Stefnt er að því að halda áfram að þróa verkefnið næstu misseri og styrkja starfið.

## Biophilia:

Verkefnið hófst árið 2015 og hefur verið hluti af starfinu síðan. Vorönn 2020 var geimurinn tekinn fyrir sem hluti af kennsluefni um náttúruvísindi en vegna verkfalls og COVID19 þá náðist ekki að fylgja verkefninu almennilega úr höfn.

## Útinám:

Útinám er fyrir þriggja og fjögurra ára börn og er ein skipulögð kennslustund í hverri viku yfir vetrarmánuðina. Útinám byggir á því að tengja náttúrufræði, sköpun og almenna kennslu saman; kenna börnunum að lesa í náttúruna og færa námið út fyrir kennslustofuna. Það hefur sýnt sig að almenn kennsla, svo sem stafa og tölukennsla, nær betur til barnanna þegar hún er færð út fyrir kassann og þeim leyft að læra í leik.



### **Heilsueflandi skóli:**

Kvistaborg er þátttakandi í verkefningu Heilsueflandi leikskóli sem er á vegum Landlæknisembættisins. Flestir starfsmenn tóku þátt í núvitundarnámskeiði á vegum embættisins. Við í Kvistaborg leggjum mikla rækt við hreyfingu á öllum deildum, bæði inni og úti. Hér skiptir einnig sköpum að í Kvistaborg er boðið upp á heimaeldaðan mat alla daga, hugað er vel að næringu barna og starfsmanna og við hugum vel að geðheilbrigði allra.

### **Samstarf við Víking:**

Víkingur hefur í fjögur ár verið í samstarfi við Kvistaborg og boðið elstu börnunum okkar í íþróttasalinn í Víkinni. Þjálfari er Einar Guðnason. Covid19 hefur áhrif á það hvort að við getum þegið boðið hverju sinni.

### **Tónlist:**

Kvistaborg býður upp á tónlistarkennslu í samvinnu við Sigrúnu Erlu Hákonardóttur, tónlistarkennara, en hún er einnig tónlistarkennari í Breiðagerðisskóla. Börnin fá að heimsækja Breiðagerðisskóla ásamt kennara. Hver hópur, 5-8 barna, af deildum með þriggja til fimm ára börn, vinnur með kennaranum í 20 til 30 mínútur einu sinni í viku. Í endurmati kom fram að æskilegt er að starfsmaður deildar sé með hópnum svo að samspil verði á milli tónlistar og deildar. Stuðst er við söng, hlustun, hljóðfæraleik og hreyfingu í kennslunni. Samstarf er einnig við Tónskóla Sigursveins síðvetra; þá er mikill undirbúningur sem tengist Barnamenningarhátíð og annað vikur á meðan.

### **Meðal þess sem farið er yfir í tónlistartímum:**

- Solfa kerfið
- Umhverfishljóð
- Hljóðfæraleikur
- Skynjun og munur á hljóði og þögn
- Taktur og hrynjandi
- Frjáls dans eftir valinni tónlist sem unnið hefur verið með

### **Barnamenningarhátíð:**

Elsti árgangurinn, árg. 2014 er hverju sinni boðið að taka þátt í Barnamenningarhátíð og að syngja í Hörpu, sem er stórkostleg upplifun. Barnamenningarhátíðin féll niður þetta árið vegna COVID19 en börnin héldu samt sem áður áfram að æfa lögina sem átti að flytja og þau voru þess í stað sungin fyrir foreldra í útskiftinni.



### **Nemar frá Frakklandi:**

Við fengum þrjá franska nema til okkar í febrúar 2020, Lísu, Petra og Sacha. Það gekk mjög vel og er gefandi fyrir alla, börn og starfsmenn. Nemarnir voru mjög opnir og gefandi þetta árið og þær kynntust okkur vel á þeim fjórum vikum sem þær dvöldu hjá okkur. Það voru þakklátir nemar sem kvöddu okkur með frönskum kræsingum.

### **Leikskólakennaranemar frá Menntavísindasviði:**

Kvistaborg tók á móti þremur kennaranemum frá Menntavísindasviði í febrúar 2020. Samstarfið gekk vel og voru nemarnir undir handleiðslu menntaðra leikskólakennara Kvistaborgar. Nemarnir voru: Swathy Sarasha, Brynja Guðbrandsdóttir og Júlíana Ómarsdóttir.

### **Menntastefnan 2018-2020**

Innleiðing menntastefnunnar hófst í Kvistaborg haustið 2019 og við völdum að verða „LAL“ skóli (Leikur að læra). Fræðin eru hugsuð út frá þörfum barna til að leika og hreyfa sig og upplifa námsefnið í gegnum mismunandi skynfæri. Með því að nota kennsluáferðina eykst úthald og einbeiting ungra nemenda. Notast er mikið við bók- og tölustafi, form og lit. Verkefnið býður upp á þátttöku foreldra. Unnið er að áframhaldandi þróun verkefnisins næstu misseri.

### **Stækkun Kvistaborgar:**

Enn er verið að teikna viðbygginguna og vonandi verður byrjað að byggja vorið 2021, ef allt gengur eftir.






### Foreldrasamstarf:

Fimmta árið í röð var boðið upp á sundkennslu fyrir elstu börnin á Kvistaborg. Foreldrar sjá þar alfarið um skipulag og við aðstoðum við að láta þetta fyrirkomulag ganga upp. Foreldrar Kvistaborgar hafa stutt vel við starfið og séð til þess að starfsemin hafi náð að blómstra með ýmsum uppákomum. Uppákomur sem foreldrafélagið sér um eru, auk sundkennslunnar, danskennsla, piparkökumálun, leiksýningar og sumarhátíð svo fátt eitt sé nefnt.

### Nývistunarfundur:

Við vorum með öflugan nývistunarfund í byrjun júlí, sem hófst með erindi frá Guðrúnu leikskólastjóra og lauk með erindi frá Kolbrúnu Hrund Sigurgeirsdóttur skólastjóra Jafnréttisskóla Reykjavíkur. Erindið fjallaði um kynin, leikefni, hvernig við tölum við börnin og samfélagsmiðla.



## 2 Innra mat Víðilundar

### Stutt greinargerð deildarstjóra Víðilundar um starfið á síðasta ári.

Aðlögun nýrra barna hefur oft gengið betur hjá okkur. 16 ný börn byrjuðu, og aðeins eitt barn fylgdi okkur áfram frá síðasta skólaári. Börnin voru því samtals 17 þennan veturinn. Haustið var frekar þungt þar sem tveir reyndir starfsmenn deildarinnar fóru í ófyrirséð veikindi. Annar þeirra kom ekki fyrr en eftir áramót. Langur og erfiður aðlögunartími hjá nokkrum börnum gerði hlutina enn flóknari hjá okkur, en við nutum góðrar aðstoðar alls starfsfólks leikskólans, sem þó var einnig með nóg á sinni könnu.

Lagt var upp með dagskipulag/vikuskipulag. Hreyfistundir, könnunarleikur, skapandi starf og Leikur að læra 1x í viku hver hópur. Blær og Lubbi var fléttað inn í daglegt starf. Hópastarf var sett niður eftir dögum, en sökum aðstæðna og langrar aðlögunar gekk það ekki eftir sem skyldi, skipulagið var því einfaldað. Frjálsi leikurinn fékk því gott rými þetta haustið/veturinn, sem eftir á að hyggja var bara mjög gott fyrir þennan aldurshóp, þegar allir eru að læra að vinna saman.

Samvinna/samstarf starfsfólks gekk vel, bæði innan deildarinnar og eins milli deilda. Allt starfsfólk var tilbúið að aðstoða okkur. Vel var haldið utan um samverustundir. Þær rúlluðu á milli starfsmanna; hefur gefist mjög vel og börnin fá fjölbreyttar samverustundir.

Deildarfundir voru ekki eins margir og við hefðum viljað vegna erfiðrar aðlögunar og starfsmannaeklu. Verkfall setti einnig strik í reikninginn þar sem þrír til fjórir starfsmenn á Víðilundi lögðu niður störf. Það hafði vissulega áhrif á starfið og álag inn á deildinni. Ákveðið var að skipta upp barnahópnum þannig að aðeins hluti hópsins mætti á hverjum degi. Það gerði það að verkum að deildarstarf var ekki eins markvisst. Suma daga þurfti að loka á hádegi vegna aðstæðna.

Hefðir og hátíðir gengu vel fram að COVID. Foreldrar voru mjög duglegir og áhugasamir um að taka þátt í starfi barna sinna þegar óskað var eftir því.

Útileiksvæði var mikið notað eða 1x – 2svar á dag. Okkar aðalútiverutími er á morgnana, þar sem mörg börn sofa eftir hádegi. Tvær yngstu deildir voru með leiksvæðið f.h. og tvær elstu e.h. Yngstu börnin nutu sín vel í garðinum þar sem þau höfðu nóg pláss enda færri börn í garðinum samtímis. Garðaeftirlit hefði mátt ganga betur. Rúllaði ekki mikið á milli deilda eins og lagt var upp með. Eftir áramót/vor tókum við okkur á og hefur gengið þokkalega síðan. Sameiginleg tiltektarsvæði hefðu sömuleiðis mátt rúlla betur á milli deilda. Söngstund gekk mjög vel í vetur. Börnin voru alltaf áhugasöm og spennt að fara.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lestur	Vera duglegri að fylgja eftir að lesið sé fyrir öll börn	Hvetja alla starfsmenn til að lesa þegar það er laus stund.	Deildarstjóri	Haust	Vor	Rætt á deildarfundum og nýta skráningarblöðin	Að börnin njóti stundarinnar í minni hópum.
Samverustund	Setja upp ákv. lög og þulur sem verið er að æfa hverju sinni.	Hafa sýnilegt á tússtöflu og kynna fyrir starfsfólki	Deildarstjóri	Haust	Vor	Rætt á deildarfundum	Að þau kunni lögin.
Könnunarleikurinn	Hafa í boði 3 daga í viku.	Sett upp í leikstofu barna e. morgunmat.	Deildarstjóri en allir framkvæma.	Haust	Vor	Rætt á fundum. Skráning.	Að þessu sé fylgt eftir.



### 3 Innra mat Birkilundar

#### Stutt greinargerð deildarstjóra Birkilundar um starfið á síðasta ári.

Haustið 2019 byrjaði vel. Deildin hafði áður verið með blandaðan aldurshóp en þetta árið voru börnin öll þriggja ára á árinu. Samtals var barnahópurinn 19 börn.

Haustið fór í aðlögun og í að kynnst árganginum og æfa og efla úthald í verkefnum og leik. Gert var vikuplan í byrjun hvorrar annar. Útikennsla var einu sinni í viku og fyrst um sinni snerist hún aðallega um að kenna þeim að vera í röð og ganga saman ákveðna vegalengd. Við lögðum mikla áherslu á að kenna börnunum að klæða sig sjálf og vera sjálfbjarga. Stundum var hópnum skipt í tvennt eftir verkefnum en annars var útikennslan mjög fjölbreytt. Eftir hverja kennslu var gerð samantekt um útikennsluna til að sýna foreldrum og börnum hvað hefði verið gert þann daginn. Vikulega var einnig unnið með LAL (Leikur að læra) þar sem unnið var markvisst með stafi barnanna og stafi forráðamanna þeirra. Rím kom einnig við sögu í LAL kennslu en þegar leið á COVID19 tímum datt sá hluti út. Einnig var hreyfistund vikuleg, í salnum. Þar var skipst á að vera með þrautabrautir og leiki. Lubbastund var einu sinni í viku og voru fimm til sex börn í hverri stund. Vinaáttuverkefni Barnaheilla, Blær, var ekki hluti af vikuplani en var tekinn í þema í janúar.

Sum börn fóru í hvíld en þau börn sem ekki tóku lúr var boðið í samverustund. Lesið var seinnipartinn fyrir börnin sem tóku hvíld. Einnig var unnið sérstaklega með hátíðisdaga og skapandi starf í kringum það s.s. bóndadag og þorrablótið. Birkilundur var einnig í samskiptum við barnahóp frá Valencia á Spáni. Sá barnahópur var fimm ára. Samskiptin voru á þá leið að báðir barnahópar sendu myndir og sögur sín á milli en það passaði vel inn í vinaþema janúarmánaðar. Á COVID19 tímum fjaraði þetta verkefni út. Í febrúar var skrímslaþema þar sem börnin fönnduðu Rugluskrímli úr verðlausu efni auk þess sem hvert og eitt barn fönnduði sitt eigið skrímsli.

Börnin fengu að njóta sín á nýju leiksvæði þetta árið þar sem svæðið í kringum vinnuáðstöðu starfsmanna, Skálinn, var nýttur í allskyns drullumall og náttúruskoðun. Einnig lögðum við mikið upp úr því að virkja sköpun og leik í útiveru, setja fram ný leikföng og ný verkefni.

Foreldrasamstarf gekk vel. Foreldrar voru duglegir að mæta og hrósuðu starfinu hástert. Einnig var mjög góður starfsandi innan starfsmannahóps deildarinnar þar sem samvinna gekk mjög vel. Allir voru sammála að það var mikill munur að vera með aldurshreina deild. Einnig virkaði vel að tvískipta útiverunni; yngri börnin voru í útiveru fyrir hádegi og þau eldri eftir hádegi. Við viljum leggja meiri áherslu á að hafa fleiri starfmenn í útiveru hverju sinni ef því verður viðkomið.



Þegar COVID19 tímabilið hófst 17. mars 2020, var hópnum skipt upp. Það var stundum erfitt en við sáum einnig jákvæðar hliðar á því, s.s. að börn sem almennt blómstra ekki í margmenni fundu sér stað með færri börn í kringum sig; töluðu meira og sökktu sér í leikinn. Við unnum einnig myndbönd þar sem A hópur og B hópur gátu skilið eftir skilaboð til hvors annars.



UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lestur fyrir börn sem eru búin í hvíld	Að tryggt sé að lesið sé fyrir þau börn sem sofa í hádeginu	Eftir kaffitíma sé tekin frá stund fyrir þennan hóp?	Deildarstjóri ber ábyrgð og setur inn í dagskipulag. En starfsfólk sem er seinni partinn á deildinni framkvæmir	Haust	Í vor	Fara yfir hvernig gengur á deildarfundum hvort þetta sé að takast.	Skoða hvort börnin sem um ræðir hafi grætt á ferlinu og hvað þau hafa lært frá því um haustið
Sveigjanleiki í tíma í útiveru	Að börn séu ekki bundin við að verða að vera komin út kl 10:30.	Að starfsfólk virði frjálsa leikinn og sé sveigjanlegt þegar deildin er að fara út	Deildarstjóri ber ábyrgð en allir framkvæma	Haust	Í vor	Fara yfir hvernig gengur á deildarfundum hvort þetta sé að takast.	Erfitt að meta en verður tekið reglulega fyrir á fundum.
Frjáls og samfelldur leikur aukinn	Meiri slaki gefinn í viku- áætlun	Að vikuplan sé til viðmiðunar, starfsfólk sé með börnunum í leik.	Deildarstjóri ber ábyrgð en allir taka þátt í leiknum. Jafnvel að settar séu upp stöðvar þar sem starfsfólk er staðsett.	Haust	Í vor	Fara yfir hvernig gengur á deildarfundum	Rætt reglulega og sjá hvernig börnin eru í leik



## 4 Innra mat Asparlundar

### Stutt greinargerð deildarstjóra Asparlundar um starfið á síðasta ári.

Þetta var í fyrsta sinn sem Asparlundur starfaði. Í barnahópnum í upphafi árs voru sex stelpur og sex strákar. Eftir áramót urðu stelpur sjö og strákar fimm. Starfið gekk framan vonum og foreldrar og börn voru ánægð. Rýmið sem Asparlundi var fengið í upphafi árs átti eftir að breytast töluvert frá því um haustið. Upphaflegt rými var salurinn og gryfjan en þegar verkfal og COVID19 gekk yfir var salurinn einungis í notkun, barnahópi og starfsfólki var skipt í A og B og dót var takmarkað. Þetta gekk mjög vel. Eftir að hömlur COVID19 gengu tilbaka var haldið áfram með starfið í salnum þar sem gryfjan var enn geymsla.

Vikuplani var haldið í gegnum allt ferlið og náðist að halda vinnuskema gangandi. Í vikuplani var ávallt gert ráð fyrir útikennslu, Lubba stundum og spjallhópum. Blæ stund var tekin við tækifæri ásamt því að eiga sinn stað í vikuáætlun, en LAL, Leikur að læra, hefði mátt eiga meiri tíma. Helstu vandamál með hreyfistundir var að eiga tíma og stað til að halda þær en oft var búið að ráðstafa salnum til annarra deilda. Það gekk vel að skipta útiverunni og það var augljóst að frjálsi leikurinn blómstraði þegar börnin fengu næði fyrir hádegi.

#### Þemu haustsins voru sem segir:

- September: Blær bangsi og listsköpun.
  - Ferð á bókasafnið
  - Farið í ferð á Listasafn Íslands þar sem skoðuð voru verk Huldu Hákon og lært um hugtakið list.
  - Gert samvinnu vinalistaverk í anda Huldu Hákon úr efni úr náttúrunni.
  - Vinalögð æfð
- Október og nóvember: Lífríkið í nærumhverfinu.
  - Rætt um hvað er lífvera og hvernig virkar náttúran, hvað er árstíð og hvað gerist á hausti og veturna.
  - Farið í Grasagarðinn og gróðursettir laukar.
  - Farið í Húsdýragarðinn og lært um dýrin þar
  - Föndraðar lífverur og jarðir í samhengi við þemað.
  - Náttúrulög

#### Á vorönn voru þemu sem segir:



- Janúar: Vatnið í náttúru Íslands
  - Unnið með Vatnið í hvers kyns formi
  - Farið á vatna sýningu í Perlunni og unnið útsaums vatnaverk.
  - Vatnsmálað og rætt um eðli vatns.
  - Vatnalög æfð
  
- Ronja Ræningjadóttir
  - Bókin sögð í Bókabíó formi sem gekk mjög vel.
  - A og B hópur fengu sömu sögur
  - Föndrað Matthíasarborg og Bjarnarhelli auk persóna úr sögunni.
  - Umræður og söngur úr leikritinu (Anímónusöngur) æfður.





UMBÓTARÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lestrarstund hlut af frjálsum leik	Að auka lestur með því að bæta við lestrarstund yfir daginn sem ekki er í hádeginu. Stundin verður hluti af frjálsa leiknum	Börnin flæða inn og úr lestrarstund um morguninn / eftirmiðdaginn þegar frjáls leikur er.	Deildarstjóri ber ábyrgð og allt starfsfólk deildarinnar framkvæmir.	Haust	Vor	Deildarfundir og skrá niður.	Yfirlit skoðað og rætt um á deildinni.
Hreyfistundir	Auka fjölbreytni í hreyfistundum.	Fast í vikuplani. Jafnvel sal í Fossó	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar í fjarveru hans.	Haust	Vor	Skoðað í lok árs – Gera færnischema til hliðsjónar um haustið	Færnischemum skoðuð yfir árið, ásamt umræðum.
Meira flæði í leik	Þjóða upp stöðvar í frjálsum leik.	Ákveða stöðvar í byrjun hvers dags Starfsfólk á hverja stöð	Deildarstjóri ber ábyrgð og allir taka þátt	Haust	Vor	Deildarfundir.	Fara yfir mánaðarlega

## 5 Innra mat Reynilundar

Stutt greinargerð deildarstjóra Reynilundar um starfið á síðasta ári.

Starfið gekk framur vonum þetta árið en aldrei hafa verið fleiri börn í byrjun annar eða 28 börn í heildina. Það hafði vissulega áhrif á skipulag deildarinnar og byrjað var fyrr að vinna að ýmsum verkefnum sem voru hluti af skapandi starfi. Vikuplani var fylgt eftir og lögð var áhersla á að Skólahópar, Lubbastundir og hreyfistundir væru fastar í planinu. Gert var sérstakt skema til að halda utan um hver hafði farið í Lubbastund þá vikuna. Aldrei voru fleiri en sjö börn í hverri stund. Skólahópar gengu vel og var hópnum skipt niður á daga. Allir tóku því þátt. Miðað var að því að vinna verkefni sem auka færni í rökhugsun og fínhreyfingum. Einu sinni í viku var farið með hópinn í hreyfistundir í Víkina þar sem íþróttakennari tók á móti börnunum og sá um tímann. Einnig var farið með börnin einu sinni í viku í hreyfistundir í Fossvogsskóla.

Margt breyttist með tilkomu verkfalls og COVID19 en barnahópnum og starfsfólki var skipt í A og B hópa. Reynt var að halda í vikuplan eftir bestu getu og samskiptabók var höfð á deildinni fyrir starfsmenn beggja hópa til að skiptast á upplýsingum. Þetta gekk mjög vel allt saman. Mikill tími fór í þrif á leikföngum og ekki er jafn mikið í boði og áður. Einnig varð að afbóka ferðir sem áður höfðu verið á dagskrá.

Umbótaþættir frá fyrra ári voru metnir sérstaklega þessa önnina. Byrjað var að skrá niður þær bækur sem lesnar voru í hverri viku til að sjá hvort lestur hefði aukist á deildinni. Komist var að því að skráningin var óþörf þar sem yfirsýn var almennt góð þar sem sérstakur bókakassi var notaður til að halda utan um þær bækur sem lesnar voru. Bókakassinn er því kominn til að vera og gerir bækurnar sýnilegar fyrir börnin sem einnig voru dugleg að koma með bækur að heima.

Þemu vetrarins voru

- September: Mannasiðir og kurteis
- Október og Nóvember: Litla skrímslið systir mín
  - Börnin föndruðu skrímsli auk þess að föndra persónur úr bókinni. Þau notuðu persónurnar til að segja skólasystkinum sínum söguna, fjögur til fimm í hóp.
  - Sagan lesin oft auk þess sem hún var spiluð sem hljóðbók
  - Löggin úr sögunni lærd.
  - Hvert barn endursagði söguna og kennari skráði niður
- Janúar: Vinur dagsins.
  - Öll börnin fengu að vera vinur dagsins í einn dag.



- Börnin fengu vinabókina með heim þar sem lesin var saga fyrir þau og þau skráðu niður góðverk dagsins.
- Febrúar: Tónskóli Sigursveins
  - Byrjað að æfa lög fyrir Barnamenningarhátíð.
  - Gekk ekki eftir vegna COVID19 en lögin voru sungin í útskriftinni.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Auka aðgengi að skapandi starfi	Skapa rými og tíma f. börn í frjálst skapandi starf	Auka aðgengi að verðlausum efnivið. Partur af daglegu vali.	Deildarstjóri en allir vinna verkefnið	Haust	Vor	Deildarfundir – umræður og endurmat	Ræða í lok hvorrar annar og punkta niður þætti Könnun gerð á meðal barnanna.



## 6 Ytra mat

Ekki var framkvæmt ytra mat á þessu starfsári. Hins vegar var gerð starfsmannakönnun og kom hún mjög vel út, hækkun á öllum þáttum og yfir meðaltal samanburðarhópa.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Stefnur Kvistaborgar uppfærðar og settar á eitt A4 blað. Matarstefna, svefnstefna, osfrv.		Starfsmannafundur / skipulagsdögum	Leikskólastjóri	2020	2021	Gagnasöfnun Teymisvinna	Verki lokið
Uppfæra foreldrahandbók		Starfsmannafundur / skipulagsdögum	Leikskólastjóri	2020	2021	Gagnasöfnun Teymisvinna	Verki lokið
Uppfæra gæðahandbók		Starfsmannafundur / skipulagsdögum	Leikskólastjóri	2020	2021	Gagnasöfnun Teymisvinna	Verki lokið
Uppfæra læsisáætlun		Starfsmannafundur / skipulagsdögum	Leikskólastjóri	2020	2021	Gagnasöfnun Teymisvinna	Verki lokið



Starfsþróunarsamtöl eru tvisvar á ári. Deildarstjórar taka samtöl við starfsfólk á sinni deild, bæði á haust- og vorönn. Leikskólastjóri tekur venjulega allt starfsfólk skólans í samtal en þetta árið var því breytt. Unnið er að innleiða snerpusamtöl á Kvistaborg og hafa stjórnendur tekið námskeið í því. Unnið hefur verið með þessi snerpusamtöl í stað starfsþróunarsamtals sem leikskólastjóri tekur alla í. samtölin eru alls 3 – 4 yfir árið og á að tryggja endurgjöf og byggja upp traust samband. Vegna COVID var ekki hægt að halda þessu alveg til streitu.

Allt nýtt starfsfólk á Kvistaborg fær ítarlega móttökuáætlun í byrjun þar sem farið er yfir ákveðið verklag ásamt því að kynna þau fyrir starfsháttum leikskólans, samskiptum við börnin og hvert skal leita ef ákveðin atvik koma upp. Auk þess eru verkefni skólans, Lubbi, Blær og fleiri, kynnt fyrir nýju starfsólki á þessum fundum.

Starfsþróun þetta árið var mikil og boðið var upp á endurmenntun, eins og ávallt hefur verið gert og fólk hvatt til að sækja sér auka þekkingar. Stefnt var að því að fara í sérstaka námsferð til Kanada en vegna COVID varð að fresta ferðinni fram á sumar 2021. Vonandi gengur það eftir. Einnig munum við nýta skipulagsdaga næstu annar í að skoða aðra leikskóla sem starfa á Íslandi og vinna með Flæði. Verið er að skoða innleiðingu þess og hvernig hægt er að vinna með flæði í leikskólum. Starfsmenn Kvistaborgar fengu einnig tvo styrki til námsferða utan lands. Námsferðir til Ítalíu eru því á dagskrá þegar ástand leyfir.



## 7 Starfspróun og fræðsla

Starfspróunarsamtöl eru tvisvar á ári. Deildarstjórar taka samtöl við starfsfólk á sinni deild, bæði á haust- og vorönn. Leikskólastjóri tekur venjulega allt starfsfólk skólans í samtöl en þetta árið var því breytt. Unnið er að innleiða snerpusamtöl í Kvistaborg og hafa stjórnendur tekið námskeið í því. Unnið hefur verið með þessi snerpusamtöl í stað starfspróunarsamtals sem leikskólastjóri tekur alla í. samtölin eru alls 3 – 4 yfir árið og á að tryggja endurgjöf og byggja upp traust samband. Vegna COVID19 var ekki hægt að halda þessu alveg til streitu.

Allt nýtt starfsfólk á Kvistaborg fær ítarlega móttökuáætlun í byrjun þar sem farið er yfir ákveðið verklag ásamt því að kynna þau fyrir starfsháttum leikskólans, samskiptum við börnin og hvert skal leita ef ákveðin atvik koma upp. Auk þess eru verkefni skólans, Lubbi, Blær og fleiri, kynnt fyrir nýju starfsólki á þessum fundum.

Starfspróun þetta árið var mikil og boðið var upp á endurmenntun, eins og ávallt hefur verið gert og fólk hvatt til að sækja sér auka þekkingar. Stefnt var að því að fara í sérstaka námsferð til Kanada en vegna COVID19 varð að fresta ferðinni um ár, eða til vosins 2021. Vonandi gengur það eftir. Einnig munum við nýta skipulagsdaga næstu annar í að skoða aðra leikskóla sem starfa á Íslandi og vinna með Flæði. Verið er að skoða innleiðingu þess og hvernig hægt er að vinna með flæði í leikskólum. Þrír starfsmenn fóru til Hollands á námskeið og starfsmenn Kvistaborgar fengu einnig tvo styrki til viðbótar til námsferða utan lands. Námsferðir til Ítalíu og suður Frakklands eru því á dagskrá þegar ástand leyfir.



## Símenntunaráætlun 2019-2020

NAFN	HEITI NÁMSKEIÐS	DAGSETNING
Erna Agnes	LÁN	12. – 13. ágúst 2019
Málmfríður Einarsdóttir	LÁN	12. – 13. ágúst 2019
Erna Ísabella	Vináttuverkefni Barnaheilla	21. ágúst 2019
Erna Agnes	Vináttuverkefni Barnaheilla	21. ágúst 2019
Erna Agnes	Barnasáttmálinn	7. okt 2019
Málmfríður Einarsdóttir	Barnasáttmálinn	7. okt 2019
Lisbeth Borg	Erasmus Holland	19. okt – 27. okt 2019
Helga Guðmundsd.	Erasmus Holland	19. okt – 27. okt 2019
Hildur Marisd.	Erasmus Holland	19. okt – 27. okt 2019
Guðrún	Námskeiðsdagur leikskólustjóra	11. okt 2019
Guðrún	Námsferð leikskólustjóra	20 – 26. okt 2019
Guðrún	Stjórnendadagur RVK	1 nóv. 2019
Guðrún	Skólalöng sveitarf.	4. nóv 2019
Allir	Barnasáttmálinn	19. nóv 2019
Ólöf	Fagnámskeið Eflingar	Okt – des 2019
Erna Agnes	Læsi og lesskilningur MML	Nóv 2019
H. Vala	Læsi og lesskilningur MML	Nóv 2019
Málmfríður	Um heima og geima	27. jan 2020
Erna Agnes	Um heima og geima	27. jan 2020
Lisbeth Borg	Ráðstefna	7. feb 2020
Guðný Jónsdóttir	Ráðstefna	7. feb 2020
Málmfríður	Ráðstefna	7. feb 2020
Helga Guðm.	Ráðstefna	7. feb 2020
María Bjarnad.	Ráðstefna	7. feb 2020
Erna Agnes	Ráðstefna	7. feb 2020
Guðrún	Ráðstefna	7. feb 2020
Allir stjórnendur, Guðrún Lisbeth Borg, Málmfríður María, , Helga, Erna Agnes og Guðný	Snerpusamtöl	28. feb 2020





## 8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Mikið samstarf er við nærliggjandi grunnskóla, sér í lagi Fossvogsskóla en tónlistarkennarinn okkar kennir einnig í Breiðagerðisskóla og því er einnig tenging þar. Leikskólar og grunnskólar á svæðinu eru einnig í samvinnu og reynt er að hafa samræmi á milli þegar kemur að starfsdögum og hátíðum, s.s. furðufatadagar og þess háttar. Starfsmenn Kvistaborgar og Fossvogsskóla hafa einnig farið saman á námskeið og nú síðast hélt Anna Steinsen í Kvan fyrirlestur um hegðun og hvatningu. Einnig er elsta árgangi boðið að koma í heimsóknir í Fossvogsskóla auk þess sem börn í fyrsta bekk koma í heimsókn í Kvistaborg að vori. Vegna verkfalls og COVID19 dró úr þessu samstarfi og ekki var fundað vegna skólaársins 2020-2021. Við munum þó ganga að íþróttasal vísun fyrir tvo elstu árgangan okkar ef aðstæður leyfa.

## 9 Foreldrasamvinna

**Foreldraráð:** Á hverju hausti, þegar hver deild er með námsefnakynningu fyrir foreldra, er leitað eftir fulltrúum í foreldraráð. Einn af hverri deild, samtals þrjár fulltrúar foreldra, sitja ráðið ásamt leikskólastjóra. Kosið er til eins árs í senn. Nöfn fulltrúa í ráðinu er á heimasíðu Kvistaborgar.

**Foreldrafundir:** Námsefnakynning og verkefni vetrarins eru kynnt ásamt hagnýtum góðum atriðum sem snúa að reglum, hefðum og umgengni skólans. Kosning í foreldraráð. Að þessu sinni fá foreldrar upplýsingar með tölvupósti.

**Foreldraviðtöl:** eru haldin tvisvar á ári, nóvember og apríl og svo í maí fyrir elsta árganginn. Þess utan geta foreldrar alltaf óskað eftir viðtali. Foreldrar skrá sig sjálfir í tíma á eyðublöð sem hengd eru upp í fataklefum deildanna. Ef foreldrar eiga fleiri en eitt barn í leikskólanum er þeim boðið að skrá sig fyrst. Rætt er um líðan barns í skólanum og heima og drög lögð að einstaklingsnámskrá fyrir hvert barn í samvinnu við barn og foreldra. Á tímum COVID19 var brugðið á það ráð að bjóða upp á foreldraviðtöl í gegnum TEAMS forritið. Það heppnaðist mjög vel og verið er að skoða hvort möguleiki sé að halda áfram að bjóða upp á þess konar viðtöl auk símaviðtala fyrir þá sem það kjósa.

**Foreldrafélag:** Er starfandi við skólann og er kosið í stjórn þess á aðalfundi félagsins sem haldinn er á hverju hausti. Miðað er við a.m.k. tvo fulltrúa frá hverri deild. Foreldrafélagið stendur fyrir ýmsum uppákomum yfir veturinn, meðal annars piparkökumálun, leiksýningu, sveitaferð, páskaeggjaleit, sumarhátíð, danskennslu og jólasveinum, svo fátt eitt sé nefnt. Yfirleitt hefur foreldrafélagið tekið þátt í ýmsum uppákomum en vegna COVID19 voru ákveðnar hátíðir einungis bundnar við leikskólann og starfsfólk þess.





## 10 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

- 24. og 25. ágúst (dagar frá fyrra skólaári en féllu niður vegna COVID19)
- 26. nóvember – sameiginlegur grunnskóla
- 18. janúar – sameiginlegur grunnskóla
- 19. mars – sameiginlegur grunnskóla
- 10. maí – sameiginlegur í Reykjavík
- 20. og 21. maí – námsferð til Kanada



## 11 Fylgigögn

11.1 Skóladagatal

11.2 Verkefni Kvistaborgar - ábyrgðarmenn

11.3 Fagstarf með börnum - ábyrgðarmenn

11.4 COVID19 gögn frá vori 2020

11.5 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Kvistaborgar

  
Guðrún Gunnarsdóttir


31.10.2020

---

Leikskólastjóri

Dagsetning

**Kvistaborg**  
Kvistalandi 26  
108 Reykjavík  
S: 00-354-553-0311







ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ Aðlögun	1 F Ljósmyndari	1 S H	1 Þ Kaффínusíð Lundul	1 F Nýfridagur	1 M	1 M	1 F Skírdagur	1 L Venkylveisdagurinn	1 Þ	1 F Vatnsvíka
2 S	2 M	2 F	2 M	2 M Kaффínusíð Lundul	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F Fostubudagurinn langi	2 S	2 M	2 F Vatnsvíka
3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F Kaффínusíð Lundul	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	Útskrift árg. '15
4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F Kaффínusíð Lundul	4 M	4 F	4 F	4 S Þáskadagur	4 Þ	4 F	3 L
5 M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 F	5 M Amnar í þéskum	5 M	5 L	4 S
6 F	6 S A	6 Þ	6 F	6 S S	6 M Þálinubóð	6 L	6 L	6 Þ	6 F	6 S	5 M
7 F	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M	6 Þ
8 L	8 Þ Aðlögun	8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 M	8 M	8 F	8 L	8 Þ	7 M
9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 M	8 F
10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	9 F
11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 F	11 M	11 F	11 F	11 S	11 Þ	11 F	10 L
12 M	12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L	11 S
13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F	13 S	12 M
14 F	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M	13 Þ
15 L	15 Þ Aðlögun	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M	15 M	15 F	15 L	15 Þ	14 M
16 S	16 M	16 F	16 M	16 M	16 L	16 Þ	16 Þ	16 F	16 S	16 M	15 F
17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	16 F
18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F	17 L
19 M	19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L	18 S
20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 F	20 S	19 M
21 F	21 M	21 M	21 L	21 S	21 F	21 M	21 S	21 M	21 M	21 M	20 Þ
22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 S	22 F	22 M	22 M	22 F	22 L	22 Þ	21 M
23 S	23 M	23 F	23 M	23 M	23 L	23 Þ	23 Þ	23 F	23 S	23 M	22 F
24 M	24 F	24 L	24 F	24 F	24 S	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F	23 F
25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 F	25 M	25 F	25 F	25 S	25 Þ	25 F	24 L
26 M	26 L	26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F	26 F	26 M	26 M	26 L	25 S
27 F	27 S	27 F	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 F	27 S	26 M
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S	28 M	28 F	28 M	27 Þ
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 M	29 M	29 F	29 L	29 Þ	28 M
30 S	30 M	30 F	30 M	30 M	30 L	30 Þ	30 Þ	30 F	30 S	30 M	29 Þ
31 M	31 M	31 L	31 F	31 F	31 S	31 M	31 M	31 M	31 M	31 M	30 M
<b>Skipulagsdagar/sumarleyfi - lokun leikskólans</b>											
<b>Vænst þattiöku foreldra eða fjölskyldu</b>											
<b>Uppákomur þar sem börnin taka þátt</b>											

Í reglum um leikskólabjónustu segir:

Leikskólareru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagur starfsfólks eða fridagur nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir dagar. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkur borgar taka að lágmarki tuffugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólasjóni ákveður, að hófðu samráði við starfsmenn og foreldra eða viðkomandi leikskóla, hvort leikskólinn verði opin allit sumarö eða loki samfelldi tíu til tuffugu virka daga.

Stefna skóla- og fristundavíðs er að í hverju hvern leitist skólasjónendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis fyrir fjölskyldur í Reykjavík.





## Umsögn foreldraráðs 2020

Foreldraráð Kvistaborgar hefur lesið yfir starfsáætlun Kvistaborgar skv. 11.gr. laga um leikskóla frá 2008.

Að okkar mati eru umbótaáætlanir alla fjögurra deildanna góðar og miða aðallega að lestrarstundum, samverustundum, skapandi starfi, hreyfistundum og frjálsum leik.

Almenn ánægja er með allar fjórar deildirnar og að börnunum sé aldurskipt. Eins hefur nýi leikvöllurinn vakið mikla ánægju.

Árið 2020 hefur verið fordæmalaust ár með tilliti til verkfalls og Covid19. Viðbrögð Kvistaborgar hafa verið til fyrirmyndar á þessum erfiðu óvissutímum. Foreldraráð við þakka starfsmönnum Kvistaborgar fyrir liðlegheit á erfiðum tímum sem þessum. Metnaðarfull starfsáætlun seinasta starfsárs gekk ekki alveg upp vegna aðstæðna en er það tilfinning foreldraráðs að mikill metnaður hafi verið lagður í starfið og unnið sem best miðað við aðstæður.

Foreldraráðið er einstaklega ánægt metnaðarfullt og faglegt starf Kvistaborgar sem sniðið er að áhugasviði barnanna. Helstu verkefni sem standa uppúr eru:

- Lubbi finnur málbein
- Vinaverkefni Barnaheilla með Blæ
- Tónlistakennsla
- Íþróttastarf
- Útikennsla
- Leikur að læra

Foreldraráð er heilt á litið mjög ánægt með metnaðarfullt starf Kvistaborgar og þakklátt fyrir það hlýja viðmót og umhyggju sem börnunum er sýnt. Upplýsingaflæði milli skóla og foreldra er yfirleitt mjög gott og vekja vikupóstar oft mikla ánægju. Foreldrafélagið vill kalla eftir vefviðmóti á líka Karellen til að fylgjast með daglegum upplýsingum vegna barnanna.

Virðingafyllst,

Ásdís Ólafsdóttir  
Guðný Birna Ármannsdóttir  
Hildigunnur Jónsdóttir